

Starfsárið hófst með kosningu nýrrar stjórnar á síðasta aðalfundi 9. júní 2012. Í stjórn voru kosin Elsa Björg Magnúsdóttir ritari, Ingimar Ólafsson Waage meðstjórnandi, Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir gjaldkeri, Sigurlaug Hreinsdóttir meðstjórnandi og undirritaður sem kjörinn var formaður. Stjórn starfsársins 2011-2012 hafði staðið að miklu uppbyggingarstarfi og er rétt hér í upphafi máls að þakka henni fyrir þá umgjörð sem hún hafði myndað um starfsemi félagsins og gerði nýrri stjórn auðvelt fyrir að halda áfram á þeirri vegferð sem þá var hafin. Í fráfarandi stjórn sátu Ármann Halldórsson formaður, Brynhildur Sigurðardóttir meðstjórnandi, Ingimar Ólafsson Waage ritari og Þórdís Hauksdóttir gjaldkeri og er þeim hér með þakkað sérstaklega fyrir, ég leyfi mér að segja, kærleiksríkt og óeigingjarnt starf. Það má með sanni segja að þau hafi sett tóninn fyrir okkur sem tókum við taumunum. Í þessari skýrslu mun ég reifa það sem helst bar á góma á starfsárinu sem nú er að ljúka.

Á fyrsta fundi stjórnar (20. ágúst 2012) voru gerð drög að umsókn til Mennta- og menningarmálaráðuneytis fyrir fagkennarafélagsstyrki sem við sendum inn í lok ágúst. Á þeim fundi lögðum við fram drög að starfsáætlun ársins 2012-2013 um faglegt starf félagsins, umsagnarvinnu og innleiðingu nýrrar menntastefnu. Skemmst er frá því að segja að við hlutum styrkinn, að upphæð 150.000 kr, og inntum af hendi allt sem við hugðumst gera á starfsárinu og bættum reyndar í sarpinn.

Sumarið og haustið 2012 hélt félagið mánaðarlegar samræðuæfingar fyrir kennara. Slíkir fundir höfðu verið á dagskrá undanfarin misseri og voru áfram fjölsóttir og heppnuðust í alla staði vel. Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir hélt tvær æfingar (20. og 27. júní 2012) í Garðaskóla sem byggðu á textarýni á völdum textum úr siðfræði Spinoza, Ylfa Björg Jóhannesdóttir hélt ásamt undirrituðum samræðuæfingu í Háskóla Íslands (22. nóvember 2012) um borðspilagerð og Brynhildur Sigurðardóttir stóð fyrir æfingu í Garðaskóla (6. desember 2012) sem fjallaði um greinina „Hver má búa til reglur um tungumál“ eftir séra Sigríði Guðmarsdóttur.

Það hefur verið stefna félagsins að reyna, eins og efni og aðstæður leyfa, að vera hreyfanleg og ekki að festa atburði þess á sama stað en á þessu starfsári fóru viðburðir

félagsins fram í fjórum mismunandi skólum.

Laugardaginn 13. október hélt Félag heimspekikennara í samstarfi við verkefnið „Efling gagnrýnnar hugsunar og siðfræði í skólum“ málþingið „Hver er heimspekin í barnaheimspekinni?“ Litið var á málþingið sem framhald ráðstefnu sem sömu aðilar stóðu að í október 2011 um „Kennslu í gagnrýnni hugsun og siðfræði“. Í greinargóðri samantekt Brynhildar Sigurðardóttur, ritstjórnarmeðlimi Heimspekitorgsins, segir meðal annars:

Málþingið sóttu um 60 manns, heimspekingar og kennarar af öllum skólastigum. Þór Saari opnaði þingið og sagði frá þingsályktunartillögu sem hann lagði nýlega fyrir Alþingi ásamt fleiri þingmönnum um heimspeki sem skyldunámsgrein í grunn- og framhaldsskólum. Á málþinginu voru flutt níu erindi þar sem fjallað var um heimspekikennslu á fræðilegan hátt auk þess sem skemmtileg reynsludæmi voru lögð fram. Hreinn Pálsson skólastjóri Heimspekiskólans frumsýndi nokkur myndbönd þar sem Matthew Lipman svarar spurningum um grundvallaratriði í barnaheimspeki. Viðtölin við Lipman voru tekin upp sumarið 1992 þegar Lipman heimsótti Ísland ásamt Ann Margaret Sharp og fleiri frumkvöðlum barnaheimspekinnar (sjá: <http://heimspekitorg.is/vel-heppnad-malthing/>).

Í tengslum við Frostaskjólsverkefnið, verkefni sem styrkt var af Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar um forvarnargildi heimspekilegrar samræðu, sem Einar G. Kvaran hratt af stað og fer fyrir (en hann segir sjálfur frá verkefninu í sinni kynningu) var á vorönn 2013 komið á málstofu í umsjá Ólafs Páls Jónssonar og Elsu Haraldsdóttur við menntavísindasvið Háskóla Íslands þar sem þátttakendum gafst kostur á að rannsaka hugmyndalegu umgjörð og markmið þess verkefnis, án þess að tengjast því beint. Um 5-6 nemendur sátu námskeiðið. Þess má geta að málstofan byggðist fyrst og fremst upp á framlagi nemenda í umræðum sem og af fjórum gestafyrirlesturum, en þeir voru annars vegar Einar Kvaran og Jóhann Björnsson (11. mars 2013) og hins vegar Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Brynhildur Sigurðardóttir (4. apríl 2013). Afrakstur málstofunnar verður birting greina eða rannsókna á Heimspekitorginu, þeirra nemenda sem skila af sér sérverkefni í tengslum við málstofuna. Einnig má skoða öll gögn hennar og framvindu á heimasíðu málstofunnar sem Elsa Haraldsdóttir bjó til, á slóðinni samraedan.blogspot.com.

Á vormisseri 2013 hóf Félag heimspekikennara fræðslufundaröð í Verzlunarskóla Íslands, en í hverjum mánuði var gestafyrirlesari fenginn til að ræða tiltekið málefni eða spurningu. Páll Skúlason ræddi spurninguna „Hvað er heimspekikennsla?“ (30. janúar 2013). Erla Karlsdóttir heimsótti félagið og ræddi „Um stöðu námsbóka Námsgagnastofnunar gagnvart sex grunnþáttum menntunar“ (20. febrúar 2013). Ármann Halldórsson flutti fyrirlestur um „Heimspeki og spunaspil“ (13. apríl 2013) og að lokum ræddi Eyja Margrét Brynjarsdóttir spurninguna „Hvernig á að kenna gagnrýna hugsun?“ (24. apríl 2013). Mig langar að nota tækifærið og þakka þessum aðilum sérstaklega fyrir að sýna félaginu þann heiður að halda þessa gagnlegu fræðslufyrirlestra.

Haustið 2012 var lögð fram þingsályktunartillaga til allsherjar- og menntamálanefndar um að festa heimspeki í lög sem skyldufag í grunn- og framhaldsskóla. Var leitað til Félags heimspekikennara um að leggja fram umsögn um tillöguna, sem það gerði. Í umsögninni létum við þess getið að um leið og við styddum tillöguna og sæjum þörf á að innleiða fagið sem námsgrein í grunn- og framhaldsskólum bentum við á nauðsyn þess bæði að kenna kennurum heimspeki og að kenna þeim að beita henni sem kennsluáðferð.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið lagði fram drög að námsgreinahlutum nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla og hvatti um leið hagsmunaaðila til að bregðast við og senda inn athugasemdir um drögin. Stjórn Félags heimspekikennara skipaði rýnihóp til að vinna að og halda utan um athugasemdir sem sendar voru inn í nafni félagsins (sjá: <http://heimspekitorg.is/athugasemdir-til-mennta-og-meningarmalaraduneytis/>). Í rýnihópnum sátu fyrst Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir, Ólafur Waage og Sigurlaug Hreinsdóttir. En síðan bættust Elsa Haraldsdóttir og Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir í vinnuna. Hópurinn viðhafði lýðræðisleg vinnubrögð og kallaði eftir athugasemdum á Facebooksíðu sem stofnuð var utan um vinnuna. Meðlimir hópsins stóðu í ströngu og lögðu mikla vinnu á sig við gerð athugasemdanna, og ber að þakka öllum alveg sérstaklega fyrir sína vinnu.

Þann 13. apríl 2013 var haldið málþing Félags heimspekikennara í Réttarholtsskóla

undir yfirskriftinni „Innleiðing grunnþáttanna lýðræði, mannréttindi og jafnrétti í þverfaglegu skólastarfi“. Flutt voru sex erindi sem öll snertu á þessum tveimur grunnþáttum. Af báðum málþingum félagsins á starfsárinu hafa birst allnokkur erindi á heimasíðu félagsins www.heimspekitorg.is. Brynhildur Sigurðardóttir tók saman glósur og spurningar um bæði málþingin og má lesa þær á Heimspekitorginu. Í frásögn af málþinginu í Réttarholtsskóla segir hún meðal annars: „Frábær erindi voru flutt og góðar umræður sköpuðust meðal þátttakenda. Dagskráin var sérlega vel skipulögð, hvert erindi kom í skemmtilegu framhaldi af því sem á undan hafði komið“ (sjá *Fréttabréf heimspekinga nr. 12, apríl 2013*). Í upphafi dagskrár hélt Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, ræðu um tilurð nýrra aðalnámskráa og grunnþætti menntunar áður en hún setti málþingið.

Síðasti viðburður þessa starfsárs var svo námskeiðið sem þið eruð nýbúin að sitja hjá Hildigunni Sverrisdóttur, aðjúnt og fagstjóra í arkitektúr við Hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands, undir yfirskriftinni „Skapandi dvelur manneskjan – er hægt að kenna henni það?“ Eitt af markmiðum félagsins er að starfa á þverfaglegum grundvelli og höfða ekki síst til annarra kennara en þeirra sem sérhæfa sig í heimspeki. Af þeim sökum þótti okkur við hæfi og mikill fengur að fá Hildigunni til liðs við okkur í dag til þess að víkka út hugmyndir okkar um heimspeki og heimspekikennslu. Kann ég henni miklar þakkir fyrir.

Á liðnu starfsári var nýtt glæsilegt merki Félags heimspekikennara kynnt til sögunnar, en Ingimar Ólafsson Waage á veg og vanda að því. Merkið, sem sýnir hjartalaga spurningamerki, nær svo vel og skilmerkilega anda félagsins og samhug félagsmanna. Að lokum langar mig að þakka fráfarandi stjórnarmeðlimum fyrir unnin störf, en Ingimar Ólafsson Waage meðstjórnandi og Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir gjaldkeri hafa á liðnu starfsári ákveðið að stíga til hliðar og hleypa öðrum að. Það hefur verið sönn ánægja að starfa með þeim og ómetanlegt að njóta reynslu þeirra og visku á þessum tíma. Félagið var ákaflega sýnilegt á starfsárinu og lögðu stjórnarmeðlimir á sig mikla vinnu við að koma félaginu sem víðast að í fjölmiðlum.

Ef til vill fer best á því að hafa sem fæst orð um starfið framundan, en í viðleitni til að

leitast við að vera hreyfanleg og ekki að festa atburði félagsins á sama stað langar mig að varpa fram hugmynd hér og nú um að félagið sækist eftir samstarfi við Hannesarholt. Það er menningarstofnun sem hefur aðsetur í síðustu húsakynnum Hannesar Hafstein, að Grundarstíg 10 í Reykjavík, og hefur það markmið að „efla jákvæða, gagnrýna hugsun í íslensku samfélagi, auka skilning á gildi sögunnar fyrir samtímann og framtíðina og hvetja til uppbyggilegrar umræðu og samveru“ (sjá: <http://www.hannesarholt.is/hannesarholt/markmi%C3%B0/>). Bæði er húsnæðið miðsvæðis og gæti verið skemmtilegur vettvangur fyrir fræðslufundi eða aðra atburði Félags heimspekikennara. Sjálfur tel ég að markmið stofnunarinnar samrýmist vel tilgangi okkar félags og gæti þess vegna verið eftirsóknarvert og gagnlegt að efla til slíks samstarfs. Ef fundurinn samþykkir það mun ég útbúa umsókn þess efnis og senda stofnuninni. Vonandi get ég þá fært ykkur góðar fréttir af þeim umleitunum síðar.

Hef ég nú farið yfir starfsárið 2012-2013 og vonast til að næsta ár verði jafn gjöfult þótt markmiðið sé æði hátt. Þakka ykkur áheyrnina.